

Ed.

892. Frumvarp til laga

[202. mál]

um verðbréfamiðlut..

(Eftir 3. umr. í Nd., 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 721 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er að hafa með höndum verðbréfamiðlun nema með leyfi viðskiptaráðherra, sbr. þó 5. mgr. Leyfi til þeirrar starfsemi skal veitt fullnægi umsækjandi eftirfarandi skilyrðum:

- a. Er íslenskur ríkisborgari og heimilisfastur hérlendis.
- b. Hefur óflekkað mannorð.
- c. Er fjárráða og hefur aldrei verið sviptur forræði á búi sínu.
- d. Hefur lokið viðurkenndu prófi í hagfræði, lögfræði, viðskiptafræði eða er löggiltur endurskoðandi. Ráðherra er heimilt, að fenginni umsögn stjórnar Verðbréfaþings Íslands, að víkja frá skilyrði þessu hafi umsækjandi sambærilega menntun eða víðtæka starfsreynslu á sviði verðbréfamiðlunar. Ráðherra er heimilt að kveða svo á með reglugerð að þeir, sem fullnægja skilyrðum þessum, þurfi að auki að standast sérstakt próf um verðbréfavíðskipti sem haldið skal í samráði við stjórn Verðbréfaþings Íslands, og skal í slíkri reglugerð ákveða hvers efnis prófraun þessi verði, hversu oft hún skuli haldin og hver árangur þurfi að vera til þess að standast hana.
- e. Setur bankatryggingu að fjárhæð 2 000 000 kr. til að standa straum af greiðslu skaðabóta sem honum kann að verða gert að greiða viðskiptamanni vegna starfsemi sinnar. Fjárhæð bankatryggingar skal bundin lánskjaravísitölu miðað við grunntölu hennar á útgáfudegi laga þessara.

Félagi eða stofnun er óheimilt að reka verðbréfamiðlun nema sá maður, sem veitir verðbréfamiðluninni forstöðu og hefur daglega stjórn hennar með höndum, hafi leyfi skv. 1. mgr. og bankatrygging skv. e-lið 1. mgr. nái einnig til bóta sem félaginu eða stofnuninni kann að verða gert að greiða.

Löggiltur endurskoðandi skal annast endurskoðun hjá verðbréfamiðlun.

Viðskiptaráðherra skal fella úr gildi leyfi til verðbréfamiðlunar missi leyfishafi einhver þeirra skilyrða sem getið er í 1. mgr.

Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmönnum og löggiltum endurskoðendum er þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. heimilt að veita tilteknum viðskiptamanni sínum þjónustu sem skv. lögum þessum telst til verðbréfamiðlunar sé hún veitt sem eðlilegur þáttur í víðtækara viðfangsefni.